

Reykjavíkurborg
Byggingafulltrúi
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Reykjavík, 20. ágúst 2021
MÍ202101-0033/7.00/ K.H.S.

Efni: Friðlýsing menningarlandslags á Laugarnestanga í Reykjavík


Með tilvísun í 18 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 hefur Minjastofnun Íslands í athugun að útvíkka friðlýsingu menningarminja á Laugarnestanga þannig að hún nái yfir allt búsetu/menningarlandslagið á tanganum.

Áformin voru kynnt fyrir Reykjavíkurborg (Ólöf Örvardóttir og Þórólfur Jónsson) á fundi 24. nóvember 2020 auk þess sem málið hafði áður verið kynnt fyrir þeim, byggingafulltrúa og forstöðumanni Borgarsögusafns.

Meðfylgjandi eru drög að friðlýsingarskilmálum ásamt fylgiskjölum til umsagnar. Sérstaklega verður tekið verður tillit til þarfa ábúenda/húseigenda á svæðinu.

Minjastofnun Íslands óskar eftir athugasemdum við tillögu að friðlýsingu fyrir 10 september nk.

Virðingarfyllst,


Kristín Huld Sigurðardóttir
Forstöðumaður

Samrit sent:

Reykjavíkurborg (borgarsögusafn, byggingafulltrúi og umhverfis- og skipulagssvið), Umhverfisstofnun, Listasafn Sigurjóns Ólafsson, Listasafn Íslands, Kolbrún Björgólfsdóttir, Hrafn Gunnlaugsson, Grétar Guðbjörn Bernóðusson

Fylgiskjal 1.

Eigendur húsa/mannvirkja á Laugarnestanga

Laugarnestangi 60 (L176047, F2015763)

Þinglýstur eigandi: Grétar Guðbjörn Bernóðusson, [REDACTED]

Laugarnestangi 62 (L176048, F2015762)

Þinglýstur eigandi: Kolbrún Björgólfsdóttir, [REDACTED]

Laugarnestangi 65 (L176049, F2015764)

Þinglýstur eigandi: Hrafn Gunnlaugsson, [REDACTED]

Laugarnestangi 70 (L176050, F2015766)

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar

Þinglýstur eigandi: Ríkissjóður Íslands, kt. 540269-6459

Laugarnestangi 71 (L216765, F2327724)

Óbyggð viðskipta- og þjónustulóð

Þinglýstur eigandi: Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609

Staður: Laugarnestangi

Sveitarfélag: 0000 Reykjavíkurborg

Landnúmer: L176047, L176048, L176049, L176050, L216765

Landeigendur/Eigendur húss/mannvirkis: Sjá meðfylgjandi skrá (fylgiskjal 1)

Fylgiskjöl sem eru hluti friðlýsingarskilmála:

Loftmynd af hinu friðlýsta svæði ásamt hnitaskrá (fylgiskjal 2)

Umfang friðlýsingar menningarlandslags Laugarnestanga: (og landfræðileg afmörkun)

Friðlýsingin tekur til menningarlandslags Laugarnestanga og er gerð á grundvelli 18 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 þar sem segir m.a.: „Friðlýsa má fornleifar..., svo og hús og mannvirki eða hluta þeirra, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. ...Friðlýsa má samfelld svæði þar sem fleiri en einn minjastaður teljast hafa sérstakt menningarsögulegt gildi“. Markmiðið með friðlýsingunni er að sameina sem minjaheild – búsetuminjar á Laugarnesi allt frá landnámi til dagsins í dag.

Friðlýsingin nær til búsetu/menningarlandslags Laugarnestanga í heild sinni. Með menningarlandslagi er átt við áhrifasvæði mannsins þar með talið þeirra húsa og bygginga sem tilgreind eru í meðfylgjandi skrá, ásýndar staðarins, búsetuminja (allt frá bæjarhól og kirkjugarði til beðaslétta og vara) og listaverka. Um er að ræða útvíkkun á eldri friðlýsingu sem náði einungis til hluta fornleifa á svæðinu, en þær eru: *Laugarnes(181165 230).I) Hinn gamli kirkjugarður(181165 230-7) sunnan við bæinn. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 22.01.1931. II) Hið gamla bæjarstæði Laugarness við Sund(181165 230-84), bæjarhóll norðan við gatnamót Kleppsvegur og Laugarnesvegur, fast við Laugarneskirkjugarð, sem friðlýstur er. Skjal undirritað af PM 30.04.1987. Þinglýst 26.06.1987.*

Hús og aðrar byggingar á Laugarnestanga eru friðlýstar sem hluti af hinu friðlýsta menningarlandslagi og ásýnd þess.

Landfræðileg afmörkun svæðisins markast af strandlengju Laugarnestanga til vesturs og norðurs, Klettagarða til austurs og Sæbrautar til suðurs (sjá viðhengi 2).

Rökstuðningur friðlýsingar:

Menningarlandslag Laugarnestanga er mikilvægur hluti af sögu Reykjavíkur.

Það er eitt fárra svæða innan marka þéttbýlis Reykjavíkurborgar þar sem hægt er upplifa nokkuð heildstætt menningarlandslag sem segir söguna allt frá fyrstu öldum byggðar í landinu og til dagsins í dag. Þar er að finna leifar bæjarhóls og kirkjugarðs auk minja um hjáleigubúskap og sjósókn sem og óraskaðar beðasléttur. Laugarnesjörðin var í byggð fram á tuttugustu öld en torfbærinn í Laugarnesi var rifinn 1885 og nýtt íbúðarhús byggt.

Auk þessa stóðu á Laugarnesinu byggingar sem tilheyrðu ólíkum stéttum samfélagsins.

Embættisbústaður biskups var reistur í Laugarnesi árið 1824 en hann var rifinn þegar Holdsveikraspítali úr timbri var reistur árið 1898. Spítalinn stóð til ársins 1943 þegar hann eyðilagðist í bruna þremur árum eftir að breski herinn lagði hann undir sig. Vestast á

Laugarnestanganum var braggahverfið Laugarneskampur en þar hafði setuliðið aðstöðu á stríðsárunum. Seinna breyttist Laugarneskampur í íbúðabyggð sem var fjölmennust á árunum 1951-1957 en síðasti bragginn var rifinn um 1980 (Eggert Þór Bernharðsson 2000:155).

Stærsti hluti gömlu Laugarnesarðarinnar er nú horfinn undir íbúðabyggð að undanskildum Laugarnestanga en þar stendur Listasafn Sigurjóns Ólafssonar auk þriggja íbúðarlóða þar sem braggahverfið stóð áður. Heimild er í skipulagi fyrir einni byggingu til viðbótar, á lóð austan við bílastæðið hjá Listasafni Sigurjóns Ólafssonar.

Laugarnestangi er eini staðurinn á allri norðurstrandlínu Reykjavíkur þar sem íbúðarbyggð liggur þétt að óspilltri, náttúrulegri sjávarströnd. Íbúðarhúsin fjögur sem byggðina mynda, nr. 60, 62, 65 og 70 við Laugarnestanga, eru að stofni til frá 5. og 6. áratug 20. aldar. Þau hafa öll verið stækkuð og endurbætt í tímans rás. Þrjú húsanna eru heimili og vinnustofur þekktra listamanna sem nutu frelsis á þessum stað til þess að móta híbýli sín og nánasta umhverfi þeirra eftir eigin höfði. Sem slík hafa húsin ótvírætt menningarsögulegt gildi sem vitnisburður um líf, list og skapandi starf íbúanna.

Í aðalskipulagi Reykjavíkurborgar er Laugarnestanginn skilgreindur sem opið svæði og er tanginn allur, að undanskildum lóðum, hverfisverndaður. Í gildi er deiliskipulag fyrir tangann, að undanskilinni lóðinni undir húsi nr. 65. Fjaran á Laugarnestanga er á C-hluta náttúruminjaskrár og fellur þannig undir lög um náttúruvernd nr. 60/2013.

Lagarök

Friðlýsingin er gerð á grundvelli 18.gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 (hér eftir minjalög) þar sem segir m.a.: „Friðlýsa má fornleifar..., svo og hús og mannvirki eða hluta þeirra, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. ... Friðlýsa má samfelld svæði þar sem fleiri en einn minjastaður teljast hafa sérstakt menningarsögulegt gildi“.

Um frekari lagarök fyrir friðlýsingu vísast til minjalaga en þar kemur m.a. fram að:

Tilgangur laga þessara er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lög þessi ná einnig til staða sem tengjast menningarsögu. (1. gr.)

Friðlýsing fornleifa, húsa og mannvirkja getur falið í sér kvöð sem þinglýst er á fasteign og hefur þann tilgang að tryggja sem best varðveislu menningarminja. (5. gr.)

Friðlýsa má samfelld svæði þar sem fleiri en einn minjastaður teljast hafa sérstakt menningarsögulegt gildi. [...] Ráðherra ákveður friðlýsingu eða afnám friðlýsingar að fenginni tillögu Minjastofnunar Íslands. (18. gr.)

Minjastofnun Íslands skal láta þinglýsa friðlýsingu sem kvöð á eign þeirri sem í hlut á. (19. gr.)

Fornleifum jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. (21. gr.)

Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. (22. gr.)

Minjastofnun Íslands skal sjá til þess að friðlýstar fornleifar eða minjastaðir séu auðkennd með sérstökum merkjum. (22. gr.)

Hver sá sem verður var við að fornleifar liggi undir skemmdum skal gera Minjastofnun Íslands viðvart án tafar. (23. gr.)

Ef fyrirjáanlegt er að minjastaður spillist vegna breyttrar landnotkunar eða framkvæmda skal framkvæmdaraðili eða viðkomandi sveitarfélag gera Minjastofnun Íslands viðvart með sannanlegum hætti með minnst fjögurra vikna fyrirvara áður en áætlaðar framkvæmdir hefjast og lýsa þeim breytingum er af framkvæmd mun leiða. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda fyrr en ákvörðun Minjastofnunar Íslands liggur fyrir. (23. gr.)

Umsjón

Minjastofnun Íslands hefur umsjón með hinu friðlýsta svæði, gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar, viðhalds eða endurbóta minja á svæðinu og hefur eftirlit með því í samræmi við 11. og 21. gr. minjalaga. Minjastofnun hefur heimild samkvæmt minjalögum til að veita fornleifafræðingum leyfi til að stunda rannsóknir á hinu friðlýsta svæði, sbr. 39. gr., og skulu þeir hlíta þeim skilmálum sem Minjastofnun Íslands setur. Við allar framkvæmdir sem valda jarðraski á svæðinu skal fara eftir ákvæðum minjalaga. Leyfi Minjastofnunar Íslands þarf að liggja fyrir áður en hafin eru verkefni sem geta haft áhrif á varðveislu menningarlandslags eða annarra menningarminja (sbr. 21. og 22. gr. minjalaga) á svæðinu.

Verndaráætlun

Minjastofnun gerir verndaráætlun fyrir hið friðlýsta menningarlandslag í samráði við landeiganda og aðra hagsmunaaðila. Í verndaráætlun skal m.a. nánar kveðið á um landnýtingu, mannvirkjagerð, vöktun, fræðslu og miðlun upplýsinga, verndaraðgerðir, aðgengi og umferð gesta, aðgerðir gegn ágengum plöntum sem og aðra þá starfsemi innan svæðisins sem áhrif getur haft á vernd og ásýnd menningarlandslagsins á Laugarnestanga.

Gildistaka

Friðlýsingin öðlast þegar gildi.



Reykjavík 15. september 2021

Varðar: Tillaga Minjastofnunar um að friðlýsa Laugarnestanga.


Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar og Borgarsögusafn barst bréf Minjastofnunar Íslands (MÍ), dags. 20. ágúst 2021, í tölvupósti. Í bréfinu kemur fram að Minjastofnun Ísland hafi í athugun að útvíkka friðlýsingu menningarminja á Laugarnestanga þannig að hún nái yfir allt búsetu/menningarlandslagið á tunganum sem markast af strandlengju Laugarnestanga til vesturs og norðurs, Klettagarða til austurs og Sæbrautar til suðurs með tilvísun í 18 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Með bréfinu fylgdu drög að friðlýsingarskilmálum ásamt fylgiskjöllum. Óskaði stofnunin eftir athugasemdum við drög að tillögu að friðlýsingu fyrir 10. september en að beiðni umhverfis- skipulagssviðs var fresturinn framlengdur til 15. september 2021.

Tillaga Minjastofnunar að friðlýsingu svæðisins

Í drögum að friðlýsingarskilmálum sem fylgja með erindinu kemur fram að friðlýsingin taki til menningarlandslags Laugarnestanga og er markmiðið með friðlýsingunni að sameina sem minjaheild – búsetuminjar á Laugarnesi allt frá landnámi til dagsins í dag. Hluti af þessum áforum um friðlýsingu voru kynnt af hálfu Minjastofnunar á fundi á milli aðila á umhverfis- og skipulagssviði (USK) auk forstöðumanns Borgarsögusafns. Í framhaldi sendi Minjastofnun bréf þess efnis sem rætt var á fundinum, dags. 19. janúar 2021. Í bréfi stofnunarinnar er lagt til að friðlýsa hörg (járnblómahörgur), sem Ásatrúarfélagið nýtir til athafna sinna, og svokallað náttúrugallerí, sem og íbúðarhús Hrafns Gunnlaugssonar að Laugarnestanga 65 og leikmyndir úr nokkrum kvikmynda hans, að ósk Hrafns sjálfs. Sú friðlýsingartillaga var af allt öðrum toga en sú friðlýsingartillaga sem nú er send til borgarinnar en núverandi tillaga nær nú yfir mun stærra svæði og því er ekki hægt að segja að borgin hafi fengið kynningu á þessum áformum sem nú eru til umfjöllunar.

Samkæmt bréfi Minjastofnunar er friðlýsingartillagan gerð á grundvelli 18 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 þar sem segir m.a.: „Friðlýsa má fornleifar...,svo og hús og mannvirki eða hluta þeirra, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. ...Friðlýsa má samfelld svæði þar sem fleiri en einn minjastaður teljast hafa sérstakt menningarsögulegt gildi“. Í drögum að friðlýsingarskilmálum er fjallað um hvernig Minjastofnun myndi hafa umsjón með svæðinu verði tillagan að friðlýsingu samþykkt og myndi gera verndaráætlun fyrir hið friðlýsta menningarlandslag í samráði við landeiganda og aðra hagsmunaaðila þar sem nánar yrði kveðið á um landnýtingu, mannvirkjagerð, vöktun, fræðslu og miðlun upplýsinga, verndaraðgerðir, aðgengi og umferð gesta, aðgerðir gegn ágengum plöntum sem og aðra þá starfsemi innan svæðisins sem áhrif getur haft á verndun og ásjón menningarlandslagsins á Laugarnestanga. Jafnframt er í drögum að skilmálum talað um frekari lagarök fyrir friðlýsingu, og er vísað til minjalaga án þess að rökstyðja nægjanlega af hverju friðlýsingin er nauðsynleg.

Friðlýsingin nær þannig til búsetu/menningarlandslags Laugarnestanga í heild sinni. Með menningarlandslagi er átt við áhrifasvæði mannsins þar með talið þeirra húsa og bygginga sem tilgreind eru í meðfylgjandi skrá, ásjóndar staðarins, búsetuminja (allt frá bæjarhól og kirkjugarði til beðaslétta og vara) og listaverka. Um er að ræða útvíkkun á eldri friðlýsingu sem náði einungis



Núverandi skráðar friðlýstar minjar á Laugarnestanga.

til hluta minja á svæðinu og eru taldar upp í fylgiskjali með tillögunni. Í drögum að skilmálum friðlýsingar eru hús og aðrar byggingar á Laugarnestanga friðlýstar sem hluti af hinu friðlýsta menningarlandslagi og ásýnd þess. Landfræðileg afmörkun svæðisins markast af strandlengju Laugarnestanga til vesturs og norðurs, Klettagarða til austurs og Sæbrautar til suðurs. Engar undanþágur eru gefnar frá 22. gr. laga um menningarminjar um 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra í friðlýsingartillögunni. Með þessu má ætla að Minjastofnun ætli að hafa hönd í bagga þegar kemur að einhverskonar röskun á öllu svæðinu, þ.e. byggingaframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði sem er ekki í neinu samræmi við það umhverfi sem er þarna í kring – Sundabrautin, landfyllingin og iðnaðarsvæðið sem liggur að Laugarnestanga er manngert raskað svæði. Sjá mynd:



Yfirlitskort gert af LUKR, dags. 13. september 2021, til að sýna svæðið sem tillaga er að friðlýsa með 100 m friðlýsingarsvæðinu.


Frekari rökstuðningur friðlýsingar Minjastofnunar

Menningarlandslag Laugarnestanga er mikilvægur hluti af sögu Reykjavíkur. Það er eitt fárra svæða innan marka þéttbýlis Reykjavíkurborgar þar sem hægt er upplifa nokkuð heildstætt menningarlandslag sem segir söguna allt frá fyrstu öldum byggðar í landinu og til dagsins í dag. Þar er að finna leifar bæjarhóls og kirkjugarðs auk minja um hjáleigubúskap og sjósókn sem og óraskaðar beðasléttur. Laugarnesjörðin var í byggð fram á tuttugustu öld en torfbærinn í Laugarnesi var rifinn 1885 og nýtt íbúðarhús byggt. Auk þessa stóðu á Laugarnesinu byggingar sem tilheyrðu ólíkum stéttum samfélagsins. Embættisbústaður biskups var reistur í Laugarnesi árið 1824 en hann var rifinn þegar Holdsveikraspítali úr timbri var reistur árið 1898. Spítalinn stóð til ársins 1943 þegar hann eyðilagðist í bruna þremur árum eftir að breski herinn lagði hann undir sig. Vestast á Laugarnestanganum var braggahverfið Laugarneskampur en þar hafði setuliðið aðstöðu á stríðsárunum. Seinna breyttist Laugarneskampur í íbúðabyggð sem var fjölmennust á árunum 1951-1957 en síðasti bragginn var rifinn um 1980 (Eggert Þór Bernharðsson 2000:155).

Stærsti hluti gömlu Laugarnesjarðarinnar er nú horfinn undir íbúðabyggð að undanskildum Laugarnestanga en þar stendur Listasafn Sigurjóns Ólafssonar auk þriggja íbúðarlóða þar sem braggahverfið stóð áður. Heimild er í skipulagi fyrir einni byggingu til viðbótar, á lóð austan við bílastæðið hjá Listasafni Sigurjóns Ólafssonar. Laugarnestangi er eini staðurinn á allri norðurstrandlínu Reykjavíkur þar sem íbúðarbyggð liggur þétt að óspilltri, náttúrulegri sjávarströnd. Íbúðarhúsin fjögur sem byggðina mynda, nr. 60, 62, 65 og 70 við Laugarnestanga, eru að stofni til frá 5. og 6. áratug 20. aldar. Þau hafa öll verið stækkuð og endurbætt í tímans rás. Þrjú húsanna eru heimili og vinnustofur þekktra listamanna sem nutu frelsis á þessum stað til þess að móta hóbýli sín og nánasta umhverfi þeirra eftir eigin höfði. Sem slík hafa húsin ótvírætt menningarsögulegt gildi sem vitnisburður um líf, list og skapandi starf íbúanna.

Skipulagsmál á Laugarnestanga

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er Laugarnestangi skilgreindur sem opið svæði og jafnframt borgargarður. Um opin svæði segir í aðalskipulagi; svæði fyrir útivist, aðallega í tengslum við þéttbýli, með aðstöðu sem tilheyrir almennri útivist, svo sem stígum og áningarstöðum, auk



Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030. Laugarnestanginn sést fyrir miðri mynd sem opið svæði (OP) og Strandsvæði (ST) með afmörkun hverfisverndar. Tengistígar eru skilgreindir innan svæðisins.

þjónustu sem veitt er á forsendum útivistar. Á Laugarnestanga er mikið um búsetuminjar og ströndin er að mestu ósnortin. Allur tanginn er skilgreindur sem hverfisverndarsvæði sem felur í sér verndun sérkenna eldri byggðar, annarra menningarsögulegra minja eða náttúruminja. Staða svæðisins sem sögulegrar heimildar um búsetuhætti og náttúru fyrri alda er einstakt, og fyrir liggur deiliskipulag að svæðinu. Meginstefna í skipulagi svæðisins er að tvinna saman búsetuminjarnar og fjölbreytta náttúru á svæðinu. Laugarnestangi er einnig skilgreindur sem borgargarður í aðalskipulagi. Um borgargarða segir í aðalskipulagi; innan borgargarða er gert ráð fyrir útivistariðkun og fjölbreyttri aðstöðu sem tengist nýtingu og þjónustu svæðanna til útiveru, afþreyingar og leikja og allrar almennrar frístundiðkunar. Einnig má gera ráð fyrir veitingaaðstöðu og veitumannvirkjum.

Á árunum 1999 og 2000 var unnið og samþykkt í borgarráði deiliskipulag fyrir Laugarnestanga sem er í gildi í dag. Tvær skipulagsbreytingar hafa verið gerðar á gildandi skipulagi fyrir nokkrar byggingarlóðir á svæðinu, annars vegar árið 2003 og hins vegar árið 2008, en skipulagið stendur að mestu leyti ennþá óbreytt.

Ekki er rétt það sem kemur fram í drögum að friðlýsingarskilmálum Minjastofnunar að ekki sé í gildi skipulag fyrir lóðina við Laugarnestanga 65, en skipulagsbreyting fyrir umrædda lóð var samþykkt árið 2003. Jafnframt þá hefur minnisvarði nýlega verið settur upp innan svæðis um Laugarnesspítala sem stóð þar á sínum tíma.



Deiliskipulag fyrir Laugarnestanga, skýringaruppdráttur.
Skipulagið var samþykkt í borgarráði Reykjavíkur 12. september 2000.

Gildandi deiliskipulag fyrir Laugarnestanga frá árinu 2000 m.s.br. skilgreinir helgunarsvæði fornminja, göngustíga um svæðið, höggmyndasvæði fyrir sýningar, tún, friðland fugla, byggingareitur fyrir mögulega uppbyggingu á tangnum, áningastaðir, hverfisvernd auk afmörkunar skipulagssvæðis o.fl.

Byggingareitur er skilgreindur m.a. fyrir listaverkageymslu Sigurjóns Ólafsson (nr. 71) sem er austan við núverandi bílastæði á svæðinu en á reitnum fyrir húsið sjálft (nr. 70), sbr. breytingu á deiliskipulagi frá árinu 2008, auk lóðar nr. 62. Ekki er gert ráð fyrir öðrum byggingum eða stækkun á núverandi byggingum. Á lóð nr. 60 má reisa viðbyggingu á einni hæð ásamt bílskúr og verönd. Með breytingu deiliskipulagi árið 2003 á lóð nr. 65 var sett inn heimild til að reisa hús á einni hæð með risi og sérstakur reitur er skilgreindur fyrir bryggjuverönd þar sem er heimilt að vera með timburverönd en ekkert annað. Eitthvað af óleyfisframkvæmdum hafa farið fram á lóð nr. 65 við Laugarnestanga má þar t.d. nefna að borgin þurfti að moka ofan í tjörn sem var gerð í óleyfi á sínum tíma.

Umhverfið og náttúra

Fjaran á Laugarnestanga er á C-hluta náttúruminjasráðs og fellur þannig undir lög um náttúruvernd nr. 60/2013. Laugarnes hefur mikið gildi fyrir náttúruvernd. Þarna er síðasta óraskaða fjaran á allri norðurströnd Reykjavíkur vestan Elliðaánna. Gróðurfar er fjölbreytt en mikið mótað af áhrifum mannvistar. Búsetan hefur haft mikil áhrif á gróðurfar svæðisins sem er undir töluverðu álagi vegna ágengra plöntutegunda eins og bjarnarklóar og spánarkerfils. Töluverð þörf er því á viðhaldi bæði til að vernda náttúrufar en einnig til að halda í menningarlandslag tengt landbúnaði en þessar plöntutegundir ógna því einnig. Útivist er mjög mikil á svæðinu og ágætis stígar fyrir gangandi og hjólandi. Samkvæmt friðlýsingartillögu Minjastofnunar þá nær friðlýsingin yfir núverandi stíga og einhverjar breytingar eða hagræðing fyrir útivistarfólk yrðu því háðar samþykki stofnunarinnar.

Árið 2016 var unnin verndaráætlun fyrir Laugarnestanga sem var staðfest af forstöðumanni Minjastofnunar og borgarstjóra. Tilgangur verndaráætlunar er að tryggja verndun fornleifanna á sem bestan hátt og veita leiðsögn um samspil verndunar og nýtingar, skipulags og reksturs. Þessi verndaráætlun er í fullu gildi í dag og er hana m.a. að finna á heimasíðu Minjastofnunar, sjá slóð á pdf-skjalið að neðan. Í verndaráætluninni kemur m.a. skýrt fram að af ákvæðum um hverfisvernd að dæma er ljóst að stefna Reykjavíkurborgar er að vernda svæðið og gera það aðgengilegt og aðlaðandi fyrir þá sem vilja nýta sér það til útiveru, afþreyingar og fróðleiks.

<https://www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/laugarnes.pdf>

Úr gildandi verndaráætlun fyrir Laugarnestanga:

7. Viðhald, rekstur og eftirlit Minjastofnun Íslands hefur eftirlit með verndarsvæðinu og gerir úttekt á því einu sinni á ári, að vori. Meðal annars skal fylgst með sliti vegna ágangs gesta og grípa til viðeigandi ráðstafana ef ljóst er að menningarminjum stafi hættu af. Reykjavíkurborg skal halda göngustígum við. Reykjavíkurborg ber einnig ábyrgð á umhirðu gróðurs á verndarsvæði og því að slá reglulega, eða 1-2x, eftir svæðum, á tímabilinu maí-september. Slá þarf bæjarhól Laugarness áður en kerfillinn blómstrar í kringum mánaðarmótin júní-júlí og allt svæðið, sem skilgreint er af Reykjavíkurborg og Minjastofnun í sameiningu, þarf að slá einu sinni á sumri (tún, beðasléttur, bæjarhól). Reykjavíkurborg ber allan kostnað af þessum aðgerðum (sbr. sú skylda landeiganda að halda við umhverfi fornleifa skv. 21. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012). Eru ofangreindar aðgerðir grundvallaðar á eftirfarandi forsendum: aðdráttarafli minjasvæðisins sem hluta af útivistarsvæði Laugarnestanga annars vegar og því að gróðurfar búsetulandslags taki mið af þeim gróðri sem fylgdi búsetu manna á fyrri hluta 20. aldar líkt og Náttúrufræðistofnun benti á í skýrslu sinni árið 1997 hins vegar. Sláttur á ákveðnum svæðum hjálpar til við að viðhalda þessu gróðurfari. Fylgjast skal með útbreiðslu ágengra plantna á minjum og friðhelgunarsvæði þeirra og grípa til nauðsynlegra aðgerða ef talið er að rótarkerfi plantnanna ógni minjum.

Á verndarsvæðinu er óleyfilegt að nota áburð og eiturefni sem geta haft áhrif á minjar undir grassverði. Allar framkvæmdir sem fara þarf í vegna fyrirbyggjandi aðgerða og viðhalds skulu samþykktar af Minjastofnun Íslands. Ábendingum varðandi skemmdir og slit sem og öðrum athugasemdum um ástand minja á svæðinu og nánasta umhverfi þeirra skal beina til Minjastofnunar Íslands. Ekki er talin mikil hættu á þjófnaði eða ólöglegum uppgreftri á svæðinu en verði vart við jarðrask skal gera Minjastofnun Íslands viðvart svo fljótt sem auðið er sbr. 23. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Minjar – unnið af Borgarsögusafni

Sannarlega er Laugarnestangi einn merkasti sögustaður Reykjavíkur og þar er að finna menningarminjar frá ýmsum tímum sögunnar, eins og fram hefur komið. Þar eru þegar friðlýstar þjóðminjar, aldursfriðaðar fornleifar og eins yngir minjar, s.s. frá stíðsárunum og íbúabyggðinni í kjölfar þeirra, þ.e. braggabyggð. Í þessu felast mikil verðmæti, frá sjónarhóli minjavörslunnar. Með aukinni friðun á öllu svæðinu verður til ein minjaheild þar sem hægt er að lesa söguna frá landnámi til okkar daga, sem er einstakt í borgarlandinu og ber að varðveita. Frá Laugarnestanga er víðsýnt og strandlengjan óspillt, þar er hægt er að njóta nálægðar

við minjar og náttúruna, sem er einstök og dýrmæt upplifun. Verndar- og fræðslugildi menningarlandslagsins í Laugarnesi eru því verðmæti sem hver höfuðborg getur verið stolt af að varðveita, nú sem áður.

Í tillögu Minjastofnunar um friðlýsingu svæðisins er lagt til að húsin fjögur sem þar standa í dag verði friðlýst sem hluti af því heildstæða búsetu- og menningarlandslagi sem svæðið geymir og segir sögu þess allt til dagsins í dag. Lögð er áhersla á varðveislugildi húsanna sem heildar, út frá sögulegum eða menningarsögulegum forsendum. Bent er á það sögulega samhengi sem þau tilheyra og varpa ljósi á, sem íbúðarbyggð sem myndaðist í framhaldi af búsetu í braggahverfinu Laugarneskampi, og það menningarsögulega gildi sem felst í vitnisburði þeirra um líf og list þeirra listamanna sem þar hafa búið. Borgarsögsafn tekur undir þetta mat á varðveislugildi húsanna sem heildar, en telur að fyllri upplýsingar um sögu og mat á varðveislugildi hvers og eins húss myndu skapa betri grundvöll til mats á varðveislugildi heildarinnar. Það á einnig við um nánasta umhverfi þeirra, t.a.m. ýmissa manngerða verka sem þar er að finna. Þá vakna upp spurningar um hvernig viðhaldi þeirra manngerðu verka á svæðinu verði háttað, sem og varðandi starfsemi sem þar eigi heima til framtíðar. Borgarsögusafn tekur ekki afstöðu til listræns gildis listaverka eða annarra sköpunarverka sem talin eru hluti af hinni varðveisluverðu heild.

Óvissa og spurningar

Erindið skapar töluverða óvissu og vekur upp ýmsar spurningar sem kalla á svör áður en lengra er haldið. Ekki verður séð af hverju Minjastofnun er að óska eftir friðlýsingu svæðisins þegar Laugarnestangi fellur undir hverfisvernd í aðalskipulagi, er í C- hluta náttúru-minjaskrá og í gildi er verndaráætlun fyrir svæðið frá árinu 2016 og má því ætla að núverandi staða um verndun svæðisins sé nægjanleg og ekki þurfi að koma til friðlýsingar.

Erindi Minjastofnunar hefur ekki verið kynnt almennilega fyrir borginni af þeirra hálfu og ekki er skýring á því af hverju þarf að vera svona mikill hraði á afgreiðslu erindisins sem lýsir sér m.a. í stuttum umsagnarfresti. Erindið barst til borgarinnar þann 20. ágúst og gefinn frestur til 10. september án þess að boðið hafi verið upp á fund eða aðra kynningu á erindinu. USK óskaði eftir frekari fresti en hann var einungis framlengdur um fimm daga sem er ansi stuttur tími fyrir svo stórt mál.

Minjastofnun segir í bréfi sínu að friðlýsingartillagan hafi verið kynnt borginni, en hið rétta er að eingöngu var fjallað um lítinn hluta af friðlýsingartillögunni, eins og kemur fram í bréfi Minjastofnunar dags. 19. janúar 2021, þar sem eingöngu var lögð fram drög að tillögu að friðlýsingu á húsi og ýmsum verkum á lóð nr. 65 við Laugarnestanga. Þessar tvær friðlýsingartillögur eru gjörólíkar þrátt fyrir að núverandi tillaga nái líka yfir hús verk á lóð nr. 65 við Laugarnestanga. Enginn fundur eða kynning hefur átt sér stað um þetta erindi.

Minjastofnun hefur því ekki uppfyllt skilyrði 2. mgr. 18. gr. laga um menningarminjar um samráð við skipulagsyfirvöld þegar fjallað er um friðlýsingu. Með ákvæði 2. mgr. 18. gr. laga nr. 80/2012 er lögð sú skylda á herðar Minjastofnun Íslands að hafa samráð við skipulagsyfirvöld hlutaðeigandi landsvæðis þegar fjallað er um friðlýsingu húsa á því svæði. Minjastofnun Íslands hefur í engu haft samráð við Reykjavíkurborg við umfjöllun um friðlýsingartillöguna sem stofnuninni er skylt að gera lögum samkvæmt. Það að stofnunin skuli hafa fundað veturinn 2020 um hluta af friðlýsingartillögunni, felur ekki í sér að stofnunin hafi haft lögbundið samráð við sveitarfélagið um tillöguna. Með áður nefndu bréfi fylgdu drög að friðlýsingarskilmálum fyrir Laugarnestanga, en af 19. gr. laga nr. 80/2012 og lögskýringargögnum með ákvæðinu verður ráðið að stofnunin skuli fyrst gera drög að slíkum skilmálum og leggja þá fyrir viðkomandi sveitarfélag þegar ákvörðun um friðlýsingu hefur verið tekin. Með hliðsjón af framangreindu, það er því að

Minjastofnun Íslands hefur ekkert samráð haft við Reykjavíkurborg um umrædda friðlýsingartillögu og hefur jafnframt þegar unnið drög að friðlýsingarskilmálum fyrir hana, er ljóst að stofnunin hefur þegar tekið ákvörðun um friðlýsingu svæðisins, án þess að hafa haft samráð við Reykjavíkurborg þegar fjallað var um tillöguna svo sem áskilið er lögum samkvæmt. Þegar af þeirri ástæðu verður að telja alla málsmeðferð

Minjastofnunar Íslands í málinu vera ólögsmæta, þar sem hún gengur í berhögg við lög nr. 80/2012 og stjórnsýslulög nr. 37/1993.

Með tölvupósti til Minjastofnunar, dags. 8. september 2021, var óskað eftir skýrari gögnum til að hægt væri að taka betri afstöðu til erindisins eins og t.d. nákvæma afmörkun svæðisins sem lagt er til að friðlýsa og hvað falli undir listrænt gildi á svæðinu, eins og kemur fram í bréfi Minjastofnunnar. Svör bárust frá Minjastofnun sama dag en engar frekari skýringar bárust frá stofnuninni um þetta efni.

Margar spurningar vakna um hvaða áhrif friðlýsing hafi á gildandi skipulag. Má velta fyrir sér hvort með friðlýsingunni sé mögulega verið að hamla uppbyggingu á aðstöðu fyrir almenning til að njóta útivistar á svæðinu. Laugarnestangi er skilgreindur sem borgargarður en í slíkum görðum má almennt gera ráð fyrir útivistariðkun og fjölbreyttri aðstöðu sem tengist nýtingu og þjónustu svæðanna til útiveru, afþreyingar og leikja og allrar almennrar frístundaiðkunar. Friðlýsingartillagan nær yfir göngustíga sem torveldar td. breikkun og/eða lagningu annars stígs meðfram götunni niður í Klettagarða þar sem friðlýsingarsvæðið nær að götunni. Heimilt er að byggja litla skemmu við Laugarnestanga 63 þar sem listasafnið er. Bent er á að Minjastofnun getur orðið skaðabótaskyld ef stofnunin leggst á móti þeirri uppbyggingu sem heimild er nú þegar í deiliskipulagi.

Minjastofnun nefnir ekki hvort að það ætli að falla frá því að hafa 100 m friðhelgunarsvæði utan friðlýsta svæðisins. Ef ætlunin er að hafa 100 m belti um friðlýsta svæðið þá hefur það mikil áhrif á mögulega uppbyggingu, sem dæmi má nefna nýlega landfyllingu Faxaflóahafna, þar sem á eftir að vinna deiliskipulag, Sæbrautina, áhrifasvæði við Klettagarða (innan hafnarmarka), sjá kort. Friðlýsing mun hafa áhrif á uppbyggingu innan og jafnvel utan friðlýsingarsvæðis (stígagerð, áningarstaðir o.fl. Er búið að upplýsa Faxaflóahafnir um þessar fyriráætlanir þar sem 100 m beltið nær vel inn á mörk hafnarinnar?

Spurningar hafa jafnframt vaknað varðandi áhrif tillögunnar á umhirðu svæðis og umgengni þess. Verndaráætlunin tekur vel á þessu og uppfyllir kröfur Minjastofnunar um verndun fornleifa, en verði friðlýsingartillagan að veruleika þá mun MÍ hafa forræði á Laugarnestanga sbr. neðangreint.

Fornleifar og friðhelguð svæði umhverfis þær (15 m frá ystu mörkum aldursfriðaðra minja og 100 m frá ystu mörkum friðlýstra minja) lúta því stjórnsýslu Minjastofnunar Íslands sem ber ábyrgð á þeim. Ekki er leyfilegt að fara í neinar framkvæmdir á slíkum svæðum né veita nein leyfi til framkvæmda eða notkunar þeirra án samþykkis Minjastofnunar Íslands.

Margar spurningar vakna um kvaðir, skyldur og ábyrgð sem fylgir friðlýsingu fyrir borgina og aðra hagsmunaaðila og fordæmisgildi þess. Fróðlegt verður að sjá afstöðu íbúa innan svæðisins við tillögunni, auk þess sem Faxaflóahafnir ættu að fá drög að tillögu til umsagnar sbr. það sem áður var rakið varðandi nálægð hafnarmarka við Laugarnestanga. Jafnframt má benda á stóra og mikilvæga fráveitulögn sem liggur um mitt svæðið sem Veitur reka og þarfnast eflaust endurnýjunar og/ eða viðgerðar á einhverjum tímapunkti í framtíðinni. Hver er réttur Veitna í þessu samhengi til viðhalds og framkvæmda við lögnina?

Eins og sjá má hafa margar spurningar vaknað varðandi friðlýsingartillögu Laugarnestanga og engin svör við þeim er að finna í bréfi Minjastofnunar. Þar sem borgin telur að erindið sé ekki nægjanlega skýrt þá óskar USK og Borgarsögusafn eftir kynningu stofnunarinnar á erindinu áður en formlega verður gefin umsögn um erindið af hálfu Reykjavíkurborgar.

Fyrir hönd umhverfis- og skipulagssviðs,

Erna Hrönn Geirsdóttir
Þórólfur Jónsson
Björn Ingi Edvardsson

Fyrir hönd Borgarsögusafns,

Guðbrandur Benediktsson